

Nr. 215/2000.

Fimmtudaginn 16. nóvember 2000.

Samtök atvinnulífsins

(Jakob R. Möller hrl.

Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

Verkalýðsfélaginu Baldri og

Aðalheiði Steinsdóttur

(Björn L. Bergsson hrl.

Jóhann Halldórsson hdl.)

Verkfallsvarsla. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Samtök atvinnulífsins (SA) stefndu verkalýðsfélaginu B og A, félagsmanni þess, til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem SA töldu stefndu hafa valdið með ólögætum hætti við verkfallsvörslu, þegar félagsmenn úr B undir forystu A hefðu komið í veg fyrir að fram færi löndun í Reykjavíkurhöfn úr togara í eigu atvinnurekanda á Ísafirði. Aðgerðir þeirra voru þáttur í verkfallsvörslu á vegum B, sem lýst hafði yfir verkfalli á félagssvæði sínu. Áhöfnin var hins vegar óháð verkfallinu, sem ekki náði til sjómanna. Talið var að útgerð togarans og rekstur vinnlustöðvar eigandans á Ísafirði væru samþættur atvinnurekstur, og hefðu áform atvinnurekandans um löndun í Reykjavík verið ætluð til að sneiða hjá áhrifum verkfallsins og falið í sér brot gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 og réttmætum hagsmunum B og A. Þá var það talið tilheyra verkfallsrétti að landslögum að fólki og félögum í lögmætu verkfalli væri rétt að verjast því með friðsamlegum aðgerðum, að reynt væri að draga úr áhrifum verkfallsins af hálfu þeirra, sem það beindist gegn, með því að fá aðra til að leysa af hendi vinnu að þeim störfum, sem lögð hefðu verið niður. Við komu togarans höfðu verkfallsverðir tekið sér stöðu á bryggjunni og lagt bifreiðum sínum við skipshlið. Engin átök urðu á staðnum og beinar hótanir um valdbeitingu voru ekki hafðar uppi, að því er séð varð. Uppskipunarmenn úr verkalýðsfélaginu D í Reykjavík virtust hafa látið athafnir aðkomufólksins afskiptalausar og ekki var leitt í ljós hvort stjórnendur togarans hefðu leitað eftir atbeina þeirra um löndun. Kunnugt mátti telja, að D hefði fyrir nokkru samþykkt að beina því til félagsmanna sinna að ganga ekki í störf verkfallsmanna á Vestfjörðum. Að öllu athuguðu var talið ósannað að ákvörðun stjórnenda skipsins um að sigla á brott hafi ráðist af beinum hindrunum frá hendi verkfallsvarða. Hefðu verkfallsverðir ekki kallað yfir sig og stéttarfélag sitt ábyrgð á þeim aukna kostnaði, sem af því hlytist að ráðstafa afla skipsins í annarri höfn. Voru B og A sýknuð af kröfu SA í málinu og héraðsdómur staðfestur.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 2000. Hann krefst þess, að stefndu verði sameiginlega dæmd til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 920.276 krónur, með vöxtum eins og lýst er í héraðsdómi, ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er skrá yfir allar landanir togarans Stefnis ÍS 28 hér innanlands frá 19. febrúar 1995 til 8. febrúar 2000.

I.